

8. kafli – Húsnæði

HÍ Fasteignir kynnir glæsilegt einbýlishús við Völustíg í Reykjavík

Gengið er inn í flísalagða forstofu sem er með góðum skápum fyrir yfirhafnir. Þegar gengið er inn er komið að holi inni í miðju hússins. Þaðan eru tröppur upp á aðra hæð. Einnig eru í forstofunni dyr að flísalögðu baðherbergi með rúmgóðri sturtu og dyr að eldhúsi með upprunalegri ljósri viðarinnréttingu. Úr holi er vængjahurð með slípuðu gleri að fallettri og bjartri stofu með suðurgluggum. Inn af stofu er bókaherbergi. Við enda stofunnar hefur verið byggður garðskáli með dyrum út á svalir. Þaðan er gengið niður í garðinn.

Úr holinu í miðju hússins er fallettur stigi upp á aðra hæð. Þar er flísalagt baðherbergi með baði. Tvö svefnherbergi eru á hæðinni; eitt gestaherbergi og eitt mjög stórt svefnherbergi sem var sameinað úr tveimur svefnherbergjum og er með útsýni til sjávar. Úr eldhúsinu er gengið niður á jarðhæð. Þar er þvottahús með sturtuklefa, geymsla og rúmgott herbergi með salerni. Á öllum stofu- og herbergisgólfum er lakkað eikarparket.

Þak hefur verið endurnýjað, rafmagn, lagnir, flestir gluggar og gólfefni. Í janúar 2015 var allt skólperfi hússins yfirfarið og endurnýjað eftir þörfum. Öflug ljósleiðaratenging er í öllu húsinu.

Allar upplýsingar veitir Gréta Sigurðardóttir löggiltur fasteignasali í síma 666 4433 eða greta@hifasteignir.is

Samsett orð

Mörg orð í íslensku eru samsett úr tveimur orðum. Orðin í töflunni hafa öll sama fyrri lið.

A	B
húspak	húsameistari
húseigandi	húsakynni
húsfélag	húsapýrping
húsvörður	húsaleiga
húsnæði	húساسund
húsbóndi	húsakaup
húsmóðir	húsagerð

Verkefni 8.1

1. Hver er munurinn á fyrri liðnum í A og B?

Fyrri liðurinn í A er _____

Fyrri liðurinn í B er _____

2. Útskýrðu samsettu orðin með því að setja í eyðurnar orðin sem vantar.

- a) Húspak er _____ á húsi.
- b) Húseigandi er karl eða kona sem _____ hús.
- c) Húsfélag er félag fólks sem _____ í sama húsi.
- d) Húsvörður er maður sem _____ hús.
- e) Húsnæði er staður þar sem fólk _____.
- f) Húsbóndi er _____ sem stjórnar á heimilinu.
- g) Húsmóðir er _____ sem stjórnar á heimilinu.

Stofn orða

Nafnorðið *hús* er hvorugkynsnafnorð. Skoðuðu beyginguna í töflunni.

eintala	án greinis	með greini
nf.	hús	húsið
þf.	hús	húsið
þgf.	hús-i	húsinu
ef.	hús-s	hússins
fleirtala		
nf.	hús	húsin
þf.	hús	húsin
þgf.	hús-um	húsunum
ef.	hús-a	húsanna

Stofn nafnorða er sá hluti orðsins sem er eins í öllum beygingarmyndum. Þegar búið er að taka allar beygingarendingar af stendur stofninn eftir, þ.e. stofninn er orðið mínus beygingarendingin. Stofn orðsins *hús* er feitlettraður í töflunni.

Verkefni 8.2

1. Í hvaða falli og tölu er orðið *hús* í orðunum *húsaleiga* og *húsasund*? _____
2. Í orðunum *húspak* og *húsnæði* er fyrri liðurinn _____

Stofnsérhljóð

Í sumum orðum breytist stofnsérhljóðið eftir beygingarmyndum. Algengustu sérhljóðavíxlín eru *a-ö* og *a-ö-e*. Í töflunni eru beygingardæmi orðanna *barn* og *köttur* sem hafa stofnsérhljóðið *-a-* sem stundum verður *-ö-* eða *-e-*.

stofnsérhljóð		-a-	-a-
eintala	nf.	barn	kött-ur
	þf.	barn	kött
	þgf.	barn-i	kett-i
	ef.	barn-s	katt-ar
fleirtala	nf.	börn	kett-ir
	þf.	börn	kett-i
	þgf.	börn-um	kött-um
	ef.	barn-a	katt-a

Verkefni 8.3

1. Hver er stofn orðanna *barn* og *köttur*? _____
2. Finndu samsett orð í textanum *HÍ-fasteignir kynnir ... þar sem fyrri (eða fyrsti) liður samsetningarinnar er stofn.* _____

3. Finndu samsett orð í textanum *HÍ-fasteignir kynnir ... þar sem fyrri (eða fyrsti) liður samsetningarinnar er ekki stofn.* _____

4. Í hvaða falli og tölu er fyrri liðurinn þegar hann er ekki stofn? _____

Fleirsamsett orð

Mörg orð í íslensku eru samsett úr tveimur orðum og önnur úr þremur (t.d. *bílskúrshurð*) og jafnvel fjórum orðum (t.d. *bílskúrshurðaropnari*).

Verkefni 8.4

Settu skástrik á milli orðanna í samsetningunum hér að neðan. Hvað eru orðin mörg í samsetningunum? Í orðinu *bíl/skúrs/hurð* eru þrjú orð.

borðstofuborð, tölvuskjár, svefnherbergisfataskapur, vinnukonulyklakippa,
armbandsúr, olíumálverk, lopapeysumynstur

Beyging samsettra orða

Í samsettum orðum beygist aðeins seinni (síðasti) liðurinn í falli og tölu. Í töflunni eru beygð orðin *dúkkuhús* og *tuskudúkkuhús*. Fremri liðirnir, *dúkka* og

tuska, eru alltaf eins (dúkku- og tusku-). Það er aðeins seinni (síðasti) liðurinn sem beygist í falli og tölu.

eintala	nf.	dúkkuhús	tuskudúkkuhús
	þf.	dúkkuhús	tuskudúkkuhús
	þgf.	dúkkuhúsi	tuskudúkkuhúsi
	ef.	dúkkuhúss	tuskudúkkuhúss
fleirtala	nf.	dúkkuhús	tuskudúkkuhús
	þf.	dúkkuhús	tuskudúkkuhús
	þgf.	dúkkuhúsum	tuskudúkkuhúsum
	ef.	dúkkuhúsa	tuskudúkkuhúsa

Verkefni 8.5

Samsettu orðin í töflunni eru ýmist tvísamsett eða þrísamsett. Skoðuðu liðinn (eða liðina, ef þeir eru tveir) á undan *-hús*. Hvaða orðflokki tilheyrir liðurinn? Er liðurinn stofn orðsins? Eða er liðurinn í einhverri ákveðinni beygingarmynd?

	fyrsti liður		annar liður	
	orðflokkur og kyn	stofn eða beygingarmynd?	orðflokkur og kyn	stofn eða beygingarmynd?
íbúðarhús	<i>no. kvk.</i>	<i>ef. et.</i>		
bárujárnshús				
dúkkuhús				
eldhús				
íþróttahús				
leikfímishús				
leikhús				
múrsteinshús				
parhús				
raðhús				
snjóhús				
steinsteypuhús				
tónlistarhús				
veitingahús				
þvottahús				

Þungur leigumarkaður: Dýna undir stiga á 100 þúsund krónur

Herbergið sagt vera á frábærum stað

Alex Lomax vakti mikla athygli með Twitter-færslu sem hún birti í gær en færslan þykir sýna, svo ekki verður um villst, erfiða stöðu leigjenda í London.

„Mér stóð til boða að leigja dýnu undir stiga á 500 pund á mánuði. F þér London! #neitakk,“ sagði Lomax meðal annars í Twitter-færslu sinni.

Í umfjöllun breska blaðsins Daily Star kemur fram að herbergið kosti í það heila 560 pund á mánuði, en það er upphæð sem samsvarar tæpum 110 þúsund krónum. Eins og sést er í raun um ekkert að ræða nema dýnu á gólfi í mjög litlu rými.

Herbergið var auglýst á vefsíðunni London2let.com en í auglýsingunni segir að „herbergið sé á frábærum stað í Clapham“ í Lundúnum. „Mér var í raun mjög brugðið þegar ég sá þetta. Ég vildi að ég hefði sýnt vanþóknun mína betur en ég var fljót að yfirgefa staðinn og sagði kurteislega að þetta væri ekki fyrir mig,“ segir Lomax við Daily Star.

Fjórir aðrir búa í húsinu og er eldhúsið og baðherbergið nýtt af öllum íbúunum.

DV, 1. október 2015

Verkefni 8.6

1. Lýstu húsnæðinu sem Lomax skoðaði. _____

2. Hvað fannst henni um húsnæðið? _____

3. Hvað kostaði húsnæðið í íslenskum krónum? _____
4. Er jafn dýrt að leigja húsnæði í Reykjavík og í London? _____
5. Er dýrara að leigja húsnæði í heimaborg þinni en í Reykjavík? _____
6. Í hvernig húsnæði býrð þú? Spyrðu aðra nemendur í bekknum. Í töflunni sérðu hvernig má svara. _____

Ég bý í + þágufall		
litlu herbergi	íbúð	tvíbýlishúsi
stóru herbergi	einbýlishúsi	þríbýlishúsi
tveggja herbergja íbúð		fjölbýlishúsi
þriggja herbergja íbúð		blokk

Forskeyti og forliðir

Orðið *óhollur* er ekki samsett orð heldur er það myndað með því að skeyta forskeytinu *ó-* við lýsingarorðið *hollur*. Forskeyti eru ekki sjálfstæð orð, þ.e. þau standa aldrei ein og sér í setningum eins og nafnorð, sagnorð, atviksorð, fornöfn og lýsingarorð. Sum forskeyti neita merkingu orðsins sem þeim er skeytt framan á eða

draga úr merkingu þess eins og forskeytin *and-* (*andstæða*), *mis-* (*misgóður*), *ó-* (*óhollur*), *tor-* (*torveldur*), *van-* (*vanheill*) og *ör-* (*örorka*).

Orðin *tvíbýli*, *þríbýli*, *fjölbýli*, *nýbýli* og *sambýli* eru ekki heldur samsett úr tveimur orðum heldur úr forlið og nafnorði. *Býli* er nafnorð í hvorugkyni en *tví-*, *þrí-*, *fjöl-* og *sam-* eru forliðir. Forliðir eru ekki sjálfstæð orð frekar en forskeyti en merking þeirra líkist meira sjálfstæðum orðum eins og töluorðum og lýsingarorðum. Mörk milli forskeyta og forliða eru þó mjög oft óljós. Hið sama má líka segja um mörk milli forliða og sjálfstæðra orða.

Fleiri forliði má sjá í orðum eins og *kolsvartur*, *eldfljótur*, *iskaldur* og *forljótur*. Allir þessir forliðir hafa það hlutverk að leggja áherslu á orðin sem þeim er skeytt framan við. Merking orðanna er því *mjög svartur*, *mjög fljótur*, *mjög kaldur* og *mjög ljótur*.

Verkefni 8.7

Strikaðu undir samsett orð í textanum *Mynd* og settu hring utan um forskeyti og forliði.

Mynd

Hádegissólin skín eins og brosandí barn inn um gluggann og lýsir upp arið sem leikur sér í loftinu og sest að lokum á kommóðuna fyrir neðan spegilinn eins og nýfallinn snjór. Léttur sumarblærinn kemur hikandi inn um hálfopinn gluggann og strýkur eldrautt hárið á Karólínu. Liðað hárið fellur eins og fjörlegur foss niður stólbakið. Hún situr andspænis mér og slær hægri fætinum í borðfótinn í takt við Chopinnoktúrnuna sem fimur fingur útvarpsins spila af fágætri snilld. Hún situr við hannyrðir og stingur silfurpræði inn um örsmátt nálaraugað. Ég er örþreyttur og halla mér í faðm ástarinnar sem streymir úr augum Karólínu og sofna í dúnmjúkum leðursófanum. Við fljúgum, Karólína og ég, á vínrauðu töfrateppi um loftin blá. Skyndilega ýtir Karólína við mér og ég fell fram af og þungi líkama míns færir mig ofurhratt til jarðar. Ég vakna kófsveittur.

Myndmál

Í textanum *Mynd* hér að ofan eru ýmsar tegundir myndmáls notaðar til að gera textann skáldlegri. Myndmál er einkenni skáldskapar og skilur hann frá fræðilegum texta. Rithöfundar og skáld nota myndmál til að höfða til skilningarvitanna (sjón, heyrn, snerting, lykt, bragð). Myndmál er í öllum tegundum skáldskapar en þó mest í ljóðum. Margar tegundir myndmáls eru til, s.s. beinar myndir, líkingar, myndhverfingar, persónugervingar og tákni.

Bein mynd

Beinar myndir í texta eru eins og raunsætt málverk teiknað með orðum. Skáldið eða rithöfundurinn lýsir einhverju með því að teikna upp mynd úr veruleikanum eins og hann er. Beinar myndir eru oftast einfaldar og auðveldar að skilja. Við notum sjónskynið og sjáum fyrir okkur veruleikann sem höfundurinn lýsir.

Líking (viðlíking)

Líking nefnist myndmál þegar einhverju er líkt við eitthvað annað. Tengiorðin *eins og*, *líkt og*, *áþekkt* eða *sem* eru notuð í líkingum til að tengja saman tvö ólík

fyrirbæri. Þegar lesandinn les úr líkingu þarf hann að taka eftir þremur atriðum líkingarinnar; kenniliðnum, tengiorðinu og myndliðnum, og þar að auki því sem er líkt með kenniliðnum og myndliðnum. Kenniliðurinn er grunnfyrirbærið eða bein mynd líkingarinnar. Myndliðurinn er viðmiðið; kenniliðnum er líkt við myndliðinn. Tengiorðið í líkingum tengir alltaf saman kenniliðinn og myndliðinn. Í líkingunni *Hárið er svart eins og hrafnsvængur* er hári líkt við svartan væng hrafnins til þess að lesandinn geti ímyndað sér háralitinn betur. Í líkingunni er *hárið* kenniliður, fyrirbærið sem verið er að lýsa. Myndliðurinn er *hrafnsvængurinn*, þ.e. fyrirbærið sem hárinu er líkt við. Tengiorðið *eins og* tengir saman *hárið* og *hrafnsvænginn* og það sem er líkt með þeim er *svarti* liturinn.

Líkingar eru algengar í daglegu tali. Þegar einhver er að stara á eitthvað segja börn gjarnan *Á hvað ertu að glápa eins og eldgömul sápa?* Þegar foreldrar eru að síða börnin sín segja þau setningar eins og *Láttu nú ekki eins og asni, Borðaðu eins og síðaður maður* eða *Ekki öskra eins og brjálæðingur*.

Myndhverfing (metafóra, myndlíking, ílíking)

Í myndhverfingum nota skáld og rithöfundar orð og hugtök í myndrænni merkingu. Myndhverfingar er helst að finna í ljóðum en líka í öðrum skáldskap. Myndhverfingar eru líka notaðar í daglegu máli, s.s. *borðfótur*, *nálarauga*, *fallsöxl*. Merking orðs (t.d. orðsins *fótur*) breytist þegar það er notað á öðru merkingarsviði eða í öðru samhengi (t.d. þegar orðið *fótur* er notað í samhengi við *borð*). Þegar tengiorðin (*eins og*, *líkt og* ...) falla niður í líkingu verður til myndhverfing eins og má sjá í myndhverfingunni *Hárið er hrafnsvængur*. Í þessari myndhverfingu er hárinu (kenniliðnum) „breytt í“ hrafnsvæng (myndliðinn), ef svo má segja. Þetta má orða á íslensku á annan hátt: *Hárið hverfist (snýst) yfir í hrafnsvæng*. Þaðan er orðið *myndhverfing* komið.

Þegar forliður er settur á lýsingarorð til að leggja áherslu á merkingu lýsingarorðsins, eins og í orðinu *sólgulur*, er búin til myndhverfing. Húsið er sólgult. Gulum lit hússins er líkt við sólina. Fleiri slík lýsingarorð eru *snjóhvítur*, *filhraustur*, *eldfljótur*, *vínrauður* og *grasgrænn*.

Stundum hverfur kenniliðurinn í líkingum: *Ísabella hristi rauðgullinn ljónsmakkann*. Í þessari myndhverfingu er hári Ísabellu líkt við ljónsmakka en það er óþarfi að nefna hárið (kenniliðinn) af því að það skilst hvað um er að ræða.

Persónugerving og hlutgerving

Í persónugervingum fá dauðir hlutir og huglæg/náttúruleg fyrirbæri eiginleika lifandi vera. Í textum má lesa um kaffikönnur sem hlaupa, ást sem faðmar o.s.frv. Persónugervingar eru oft samofnar myndhverfingum; í myndhverfingunni *borðfótur* fær borðið líkamshluta lifandi veru. Í húsgagnalist sjást myndhverfingarnar með berum augum þegar ljónslappir og mannlegir fætur prýða borð og stóla.

Hlutgerving er, eins og nafnið bendir til, andstæða persónugervingar. Lifandi verur fá eiginleika áþreifanlegra hluta. Hlutgervingar geta verið tvenns konar. Í hlutgervingunni *Konan fann að hún var teppi sem liggur í anddyri ráðhússins* verður lifandi persóna að dauðum hlut. Í hlutgervingunni *Ástin var stofuborðið sem stóð kyrrt á milli okkar* er hin huglæga ást orðin að áþreifanlegu stofuborði.

Tákn

Tákn eru lík líkingum og myndhverfingum á þann hátt að þau leika tveimur skjöldum, þ.e. þau tilheyra tveimur heimum eða sviðum. Í textum og draumum birtist bókstafleg merking táknsins, t.d. sem áþreifanlegur hlutur á borð við *glas*. En að baki táknuinu liggur önnur merking, *glasið* gæti til að mynda merkt *þorsti*. Tengslin, eða táknmálið, milli hinna tveggja sviða eru ekki alltaf skýr. Tákn geta verið sammannleg, menningarleg og persónuleg. Náttúrutákn á borð við *vindinn* og *haustið* eru dæmi um sammannleg tákn. *Krossinn* og *fiskurinn* í kristinni trú eru dæmi um menningarleg tákn. Persónuleg tákn lýsa tengslunum á milli fyrirbærisins og þeirrar manneskju sem upplifir táknið í draumi eða notar það í texta. Þegar skáld notar persónuleg tákn í ljóði getur verið snúið fyrir lesandann að ráða í táknmálið.

Verkefni 8.8

1. Greindu myndmálið í textanum *Mynd*.
2. Lestu ljóðin hér að neðan og greindu myndmálið.

sólin var hjá mér
eins og grannvaxin kona
á gulum skóm

(*Tíminn og vatnið* eftir Stein Steinarr)

Börnin fæðast litlum systkinum sínum
eins og ljós sé kveikt
eins og fyrstu blóm vorsins
vakni einn morgun.

(*Lítill drengur* eftir Jón úr Vör)

Og geislar koma hlaupandi
eins hratt og fætur toga,
ef heimskir, litlir skuggar
út á gangstéttina voga.

(*Garðljóð* eftir Tómas Guðmundsson)

líðan

stundum líður mér svo illa
að mér finnst eins og ég býi
í Breiðholtinu

eins og hjarta mitt sé bara herbergi
í risavaxinni blokk

líðan II

stundum líður mér svo vel

að mér finnst eins og ég býi
í Vesturbænum

eins og hjarta mitt sé garður
og þú liggir í grasinu

(Dagur Hjartarson 2012, *Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð*)

